



Alþingi
Erindi nr. P 127/345
komudagur 5.12.2001

SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND
FATLAÐRA

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

4. desember 2001

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, 229 mál, Heyrnar- og talmeinastöð.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við annars ágætt frumvarp:

37.a.3.

Í fagráðið verður að skipa fagaðila á sviði táknmálsfræða, sem hugar að mikilvægi táknmáls (samskipta og félagsþroska) við ráðgjöf og fræðslu.

37.a.4 – 37.a.5.

Nauðsynleg hjálpartæki ættu að vera gjaldfrjáls en lágmarksgjaldtaka fyrir viðhald og viðgerðir.

37.a.5 – 37.a.10.


Fötlun fylgir oft greiningarferli sem ætti að vera gjaldfrítt fyrir börn og unglinga en annars fylgja lágmarksgjaldskrá.

37.b

Afleiðing fötlunar, í þessu tilfelli heyrnarskerðing eða heyrnarleysi, felur oft í sér þörf fyrir hjálpartæki. Þessi hjálpartæki ættu ekki að kosta meira en sem svarar samskonar tækjum fyrir aðra þjóðfélagsþegna. (Dæmi: brunavari og dyrabjalla tengd blikkljósakerfi og titrara, vekjaraklukka með titrara, sími/textasími.)

Umframkostnaður fyrir þesskonar hjálpartæki á ríkið að greiða, þ.e. það á ekki að kosta hinn fatlaða meira en aðra ríkisborgara að kaupa þessa sjálfsögðu öryggishluti í okkar þjóðfélagi.

F.h. Sjálfsbjargar lsf,


Ragnheiður Kristjánsen,
kynningar- og félagsmálafulltrúi